



# Fortíð, nútíð og framtíð

● Úngl, yfirlitssýning á verkum Ólafar Nordal, verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag ● Titillinn fenginn úr þjóðsögu um kölska og Kolbein jöklaskáld ● Skáldað í eyður milli brota úr fortíðinni

Helgi Snær Sigurðsson  
helgisnaer@mbl.is

Það fer ekki milli mála þegar komið er inn í vestursal Kjarvalsstaða að verkin sem þar prýða gólf og vegg eru eftir Íslending. Enda hefur listamaðurinn, Ólöf Nordal, vísað í verkum sínum til þjóðsagnaarfsins, þjóðlegrar arfleifðar og menningarlegs minnis, eins og bent er á á vef Listasafns Reykjavíkur. Ferill Ólafar spannar nú um þrjátíu ár og vekur frágangur verkanna á sýningunni *Úngl* ekki síður athygli en myndefnið, hér er vandað eins vel til verka og mögulegt er. Sýningarstjóri *Úngl* er nafna listakonunnar, Ólöf Kristín Sigurðardóttir, sem jafnframt er safnstjóri Listasafns Reykjavíkur sem Kjarvalsstaðir heyra undir.

## Eins og að lesa handrit

Ólöf, þ.e. listakonan, er önnun kafin við uppsetningu á þessari yfirlitssýningu á verkum sínum þegar blaðamaður ber að garði, þeirri fyrri af tveimur því önnur verður opnuð í nóvember í Ásmundarsafni og þá helguð verkum Ólafar í almenningssými. Hún gefur sér góðan tíma í að ræða við blaðamann þó mikið sé að gera, gengur milli verka og útskýrir hvað vakti fyrir henni við gerð þeirra. Og er þar af nógu að taka.

Ólöf lærði bæði textílmennit og skúlpútur í Bandaríkjunum, hlaut meistaraþráðu í báðum greinum og á gólfi má sjá verk frá þeim tíma er hún var enn í námi í skúlpútur við Yale-háskóla, frá árinu 1992. Þar er augljóslega skúlpútur á ferð og er Ólöf spurð að því hvort einhver verkanna á sýningunni beri þess merki að hún hafi líka lært textíl. „Jú, nýju verkin mín,“ segir hún og bendir á glæsilegan móhrauk. „Mór er náttúrulega bara trefjar,“ segir Ólöf og að þannig geti hann flokkast sem textíll. „Þetta er fjörumór sem ég tók á Snæfellsnesi, hann var undir sjónum og aðeins aðgengilegur á stórstraumsfjöru. Þetta er land sem er að brotna niður og hverfa, tíu þúsund ára gamall skógarbotn,“ út-



Morgunblaðið/Eggert

**Yfirlit Ólöf við móhraukinn í vestursal Kjarvalsstaða. Þar verður í dag opnuð yfirlitssýning á verkum hennar.**

skýrir listakonan og blaðamaður fær allt aðra sýn á verkið. „Þetta er eins og að lesa handrit, nær svo ofboðslega langt aftur í tímann og maður verður svo lítill þegar maður hugsar um þetta, að geta farið aftur um tíu þúsund ár. Parna finnur maður ferskar lífrænar leifar af einhverju tímabili sem við þekkjum ekki.“

Ólöf strýkur móinn og blaðamaður ákveður að gera það líka. Má það? Nei, segir listakonan kímín. Hún megi það en veiti blaðamanni sérstakt leyfi til að snerta listaverkið í þetta sinn.

## Allt kraumandi í hnausnum

Við förum fram á gang. Þar má sjá skúlpúta, nýja af nálinni, úr torfi. Við föllumst á að þeir séu líka textíll en ólíkt móhrauknum er styttra tímabil fólgið í torfinu sem kemur beint upp úr mýri. „Þessi partur er svona 500 ár í okkar sögu og það er tímaskeið sem við skynjum,“ segir Ólöf og strýkur torfið.

Blaðamaður lætur strokur eiga sig í þetta sinn. „Þetta er torf úr mýrlendi sem er verið að þurrka upp en við það drepst allt líf í hnausnum,“ útskýrir Ólöf og bendir á að hnausinn sé enn fullur af lífi, farinn að mygla og sveppir farnir að skjóta upp kollinum. „Það er allt að krauma í þessu,“ segir Ólöf hugfangin. Inni í salnum má svo sjá grábrúna kúlu á gólfi, unna úr torfi. „Þetta er efni sem er ekki til neins staðar annars staðar í heiminum. Torf sem er fullt af ösku og verður því svona hart,“ segir Ólöf og bankar í kúluna til að sýna blaðamanni hversu hörð hún er. Hljóðið minnir á holan trjából.

## Viðurkenning á skáldskapnum

En hvers vegna heitir sýningin þessu furðulega nafni, *Úngl*?

Ólöf segir söguna af því, eða þjóðsöguna öllu heldur, af kölska og Kolbeini jöklaskáldi. Kölski veðjaði við Kolbein um að hann gæti kveðið hann í kútinum. Sá sem tapaði átti að

steypa sér fram af Þúfubjargi undir Snæfellsjökli, á bólakaf í sjóinn. Kolbeinn botnaði fyrst fyrri parta kölska og kölski síðan fyrri parta Kolbeins. Nótt var úti og tungl óð í skýjum. Kolbeinn tekur þá upp hníf og heldur honum fyrir framan glyrnur kölska svo eggina bar við tungl. Hann hendir fram fyrri parti: Horfðu í þessa egg, egg/ undir þetta tungl, tungl. Kölski reiðist Kolbeini og segir þetta ekki skáldskap þar sem ekkert orð rími við tungl. Kolbeinn botnar þá vísuna: Ég steypi þér þá með legg, legg / lið sem hrærir ungl-, ungl.

„Það er þetta orð, ungl, sem mér finnst áhugavert því það er ekki til en er samt orð sem kölski lætur Kolbein hanka sig á. Þessi uppdiktaða orðmynd er svo máttug að hún getur unnið á hinu illa sem játar sig þegar sigrað gegn frumlegri og opinni hugsun,“ segir Ólöf.

## Toppurinn á ísjakanum

Ekki er hlapið að því að setja upp yfirlitssýningu á verkum listamanns sem hefur verið að í 30 ár og skilið eftir sig mikinn fjölda verka. Það vita þær nöfnur. „Þetta er náttúrulega bara toppurinn á ísjakanum, þetta eru mjög fá verk miðað við allt það sem ég hef gert,“ segir listakonan sem gegnir stöðu dósentis við Listaháskóla Íslands, kennir þar skúlpútur. Hún segir fáa skúlpúta á sýningunni og að úr því verði bætt á næstu sýningu, þeirri í Ásmundarsal sem mun bera titilinn *úngl, ungl*, nema hvað.

Ólöf segir öll verkin fjalla um brot úr fortíðinni og hvernig mannskepn skáldi í þær eyður sem liggja milli brotanna. „Það segir okkur ekki bara mikið um fortíðina heldur líka samtímann og jafnvel framtíðina.

Brotið fjallar því ekkert endilega um fortíðina, það fjallar alveg jafnmikið um okkar tíma. Ég held að það sé límið í þessari sýningu.“

–Fortíðin er líka alltaf að breytast ...

„Það er af því að við breytum henni, túlkum hana öðruvísi. Það sem ég hef gert er að vinna með minni úr þjóðsögum, ekki síst hluti sem við höfum notað til að móta okkar sjálfsmynd sem þjóð. Við þurfum að réttlæta okkur þegar við urðum sjálfstæð frá Dönnum og byggja upp okkar sjálfstraust. Ég er af þeirri kynslóð sem lenti í því að reyna að finna út hvernig þjóð við vildum verða. Þá glímu getum við séð í svo mörgum verkanna á sýningunni.“

## Langalangalangafi í Las Palmas

Blaðamaður spyr Ólöfu hvort ekki sé þá óhætt að segja að öll hennar list sé afskaplega þjóðleg. „Jú, ef það að líta aftur er að vera þjóðlegur. Ég er náttúrulega svolítið að rannsaka okkar þjóðfélag út frá myndlistarlegum forsendum og kannski er ég að stinga á nokkrum kylum,“ svarar hún og nefnir verkið „Musée Islandique“, ljósmyndir sem hún tók af afsteypum úr gifsi af íslensku fólki frá 19. öld en eftirmyndir af þeim voru á safni á Kanaríeyjum þegar Ólöfu var bent á þær.

„Ég fór á ættarmót og þar var frændi minn að tala um að til væri haus af langalangalangafa okkar, Birni Gunnlaugssyni, sem var stærðfræðingur og yfirkennari í Lærða skólanum,“ segir Ólöf og blaðamaður getur ekki annað en hlegið að þessari sögu. „Mér fannst svo gjörsamlega súrrealískt að til væri haus af honum í Las Palmas,“ segir Ólöf. Hún hafi kannað málið og komist að því að safnið í Las Palmas hafi keypt eftirmyndir af afsteypunum af mannfraeðisafninu í París til að hafa sem dæmi um hinn hreina kynstofn til mótvægis við hina óæðri kynstofna jarðarinnar. Á ljósmynd á sýningunni má sjá eftirmyndina af Birni með Las Palmas í bakgrunni.

## Þjóðsögur tengjast samtíma

Talið berst að lokum að þjóðsögunum. Ólöf segist leita mikið í þær enda sé mikinn sannleika að finna í þeim. „Þær hafa einhverja tímalausa sögn í sér. Mér finnst gaman að viðhalda þessum þræði aftur af því hann getur sagt okkur svo mikið um okkar samtíð,“ segir listakonan. Hún nefnir sem dæmi söguna um selmeyna sem bóndi tekur með sér nauðuga heim, getur henni fjölda barna og á endanum gengur hún í sjóinn. „Þetta er saga um ánaud, konu sem hefur verið seld og talar ekki tungumálið, er ekki með manninum sem hún vill eiga og gengur svo bara í sjóinn,“ bendir listakonan á. „Hver tími skrifar sína sögu.“